

**Nd.**                      **419. Tillaga til þingsályktunar**                      [212. mál]  
um breytingu á reglugerð um sjómannafrádrátt.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á fjármálaráðherra að gera þá breytingu á reglugerð nr. 310 frá 27. júní 1980, um sjómannafrádrátt, að dagfjöldi skv. 2. gr., sem sjómannafrádráttur er heimilaður fyrir, sbr. 1. gr., verði ákveðinn með hliðsjón af ráðningartíma í stað lögskráningardaga.

#### Greinargerð.

Hér er um að ræða einfalda leiðréttingu, sem sjómenn hafa óskað eftir að gerð verði, og rökstudd með einföldum og ljósum rökum. Ósk þessi var m. a. fram borin við fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda Alþingis nú í febrúar.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.